


■ Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á húsgögnum, sem dönsku arkitektarnir Rud Thygesen og Johnny Sörensen hafa hannað. Þeir nota nær eingöngu náttúrleg efni, svo sem við, ull og baðmull. Það eru efni, sem er þægllegt að vera í návist við og þau endast betur en gerviefnin, sem hafa verið mjög mikið notuð. Gerviefnin endast illa og margir hafa ofnæmi fyrir þeim. Ofangreindir tveir arkitektar hafa fengið mörg verðlaun fyrir sín húsgögn og fræg listasöfn hafa keypt húsgögn, sem þeir hafa hannað.

Verslunin Epal í Reykjavík stendur fyrir sýningunni á Kjarvalsstöðum og er hægt að panta húsgögnin þar. Eins og áður sagði er ullarefni á húsgögnunum og á stólunum, sem eru til sýnis hér á Kjarvalsstöðum, Gefjunar-áklæði. Áklæðið er hannað hjá fyrirtækinu Kvadrat í Danmörku og er framleitt í 9 litum, en hver litur í 4 litbirgðum, þannig að úr er að velja 36 mismunandi litbirgðum. Húsgögnin eru öll gæðaprófuð hjá Teknologisk Institut. Húsgögnin eru límd saman með nýrri aðferð, þar sem hugmyndin að samsetningunni er fengin frá náttúrunni sjálfri eða hvernig



■ Þegar ég var á sýningunni á Kjarvalsstöðum hitti ég þessa krakka og fékk þau til að reyna barnastólana. Krakkarnir heita frá v. Jóhann Arni, fékk þau til að reyna barnastólana. Krakkarnir heita frá v. Jóhann Arni, Jón Ari, og Oddný Helgabörn.

Barnastólar í þremur stærðum

greinar trjána ganga út úr stofnum.

Rud Thygesen og Johnny Sörensen hófu í byrjun síðastliðins áratugar náð samstarf við fyrirtækið Magnus Olesen í Durup og síðar bættust við fyrir-

tækin Erik Boisen Möbelfabrik í Vejen og Botium í Bonderup.


Rösklega tíu ára samvinna hefur getið af sér fjölbreytilegt úrval samræmdra húsgagna. Markmiðið er að búa til sem best húsgögn, hvað varðar efni og

form og slá hvergi af gæðakröfum vegna verðs.


Auk húsgagna eru m.a. á sýningunni fallegir oliulampar til notkunar utanhúss, sem þeir hinir sömu arkitektar hafa hannað. Einnig upptakarar, eggjabikarar úr áli og pipar- og saltkvarnir.

Sýning þessi vekur til umhugsunar um hönnun og notagildi vandaðra húsgagna. Sýningunni lýkur um næstu helgi og því ekki seinna vænna að fara að sjá hana.

■ Þetta eru oliulampar til notkunar utanhúss. Þeir eru sérlega stílhreinir og fallegir. Af þeim eru tvær gerðir, önnur til að stinga niður í jörðina og hin til að hafa á borði.



■ Og krakkarnir prófuðu líka endurnar, en það eru leiktæki, sem reyndar eru ekki til sölu. Þær eru eingöngu sýningargripir og voru framleiddar úr afgangshlutum úr verksmiðjunni árið 1977, þegar Magnus Olesen verksmiðjan átti afmæli. En Magnus Olesen verksmiðjan framleiðir mikið af húsgögnum þeirra arkitektanna Rud Thygesen og Johnny Sörensen.



■ Börn þurfa að sitja á stólum af rétttri stærð. Annars er hætt við að þau fái hryggskekkju. Alltof algengt er hér á Íslandi í skólum að börn sitji í stólum sem annað hvort eru of litlir eða of stórir fyrir þau. T.d. er eitthvað um það að 7-8 ára börn sitji í sömu stólum eftir hádegisdag, sem 11-12 ára börn nota fyrir hádegisdag. Ólíklegt er að þeir stólar hæfi börnum, sem á er um 30 cm hæðarmismunur. Mörg 12 ára börn eru orðin 160 cm eða hærri, en 7-8 ára börn eru um 125-130 cm á hæð.